

131. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna I. Halldórsdóttir, Bryndís Skúladóttir og Ingbór Guðmundsson .

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 7. desember 2011 kl. 8:30

Þetta gerðist

1. Umsókn um styrk frá Umhverfisráðuneyti

Sótt er um styrk til þátttöku í aðaldundi ISWA 2012 og ráðstefnu sem haldin er í framhaldi af aðalfundi. Farið var yfir drög að bréfi til ráðuneytis þar sem umsóknin er rökstudd. Umsókn verður send samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytis og á þar til gerðu eyðublaði.

2. Haustferð FENÚR

Ferðin tókst með ágætum. Frétt um ferðina kemur næstu daga inná heimasíðu félagsins ásamt erindum sem flutt voru.

3. FENÚR fréttir

Fréttabréfið hefur ekki komið út í ár. Heimsíðan var erfið viðureignar þar sem hún var í gömlu kerfi sem ekki var lengur stutt við. Nú eru þau mál komin í lag. Rætt var um að gefa út rafrænt fréttabréf því líklegt er að það nái til markhópsins. Ákveðið var að skoða útfærslu á rafrænu fréttabréfi. Stjórn þarf að velta fyrir sér efni í næsta tölublað og ræða á næsta fundi.

4. Önnur mál

- Á næsta fundi þarf að ræða tilhögun aðalfundar sem jafnan er haldinn í apríl.
- BS mun gera tillögu að stuttu svar til umhverfisráðuneytis vegna erindis ráðuneytisins um gerð landsáætlunar um úrgangsmál.

Fundi slitið kl. 9:20. Næsti fundur miðvikudaginn 1. febrúar kl. 8:30

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir